

29. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09. apríl 2021

Fjarfundur hófst klukkan 13:00 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Ragnheiður Hergeirsdóttir velferðasviði Árnesþings, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðasviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Alexander Freyr Olgeirsson, forstöðumaður Kópsins, Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, deildarstjóri hjá Kópnum, Haraldur Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf voru gestir fundarins. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kópurinn- lengd viðvera fyrir fatlaða framhaldsskólanema

Alexander Freyr Olgeirsson, forstöðumaður Kópsins, kynnir starfsemina fyrir stjórn Bergrisans.

Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, deildarstjóri/tómstunda og forvarnarfulltrúi kynnir erindi Kópsins. Starfstími Kópsins fylgir lengd annarinnar hjá Fsu. Þörf er á lengdri viðveru fyrir fatlaða framhaldsskólanema og er óskað eftir að starfsemin verði út maí mánuð og frá 15. maí yrði opið allan daginn. Svigrúm er innan fjárhagsáætlunar og kostnaðaraukning Bergrisans bs yrði því engin mv fyrirbyggjandi áætlun.

Stjórn Bergrisans bs þakkar kynninguna og erindið frá Kópnum. Stjórn Bergrisans bs samþykkir erindið.

2. Endurskoðun á skipun í byggingarnefnd vegna nýs íbúðakjarna

Breytingar hafa orðið síðan nefndin var formlega skipuð árið 2018. Verkefnastjóri leggur til eftirfarandi breytingar á nefndinni;

Lilja Einarsdóttir, núverandi sveitarstjóri Rangárbings eystra, komi í stað Antons Kára Halldórssonar en Anton Kári hefur nú aðkomu að verkefninu sem skipulagsfulltrúi í Árborg

Eiríkur Vignir Pálsson, varamaður í bæjarstjórn Ölfuss, verði formlega skipaður í nefndina í stað Gests Kristjánssonar, (Eiríkur hefur setið í nefndinni í nokkurn tíma í hans stað og er það ósk Gests að hann verði formlega skipaður).

Jafnframt að fagaðili komi inn í nefndina frá þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Áfram sitja í nefndinni;

Gísli Halldór Halldórsson frá Árborg sem formaður
Halla Steinunn Hinriksdóttir, ráðgjafaproskajálfi hjá Árborg
Steinunn Jónsdóttir, forstöðumaður, Birkimörk, Hveragerði
Harpa Dís Harðardóttir, fulltrúi Þroskahjálpar á Suðurlandi
Stjórn Bergrisans bs samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

3. Fundargerð þjónusturáðs

Ragnheiður Hergeirsdóttir kynnir 140. fundargerð þjónusturáðs frá 29.03.2021.

4. Erindi frá Npa miðstöð og Npa setri

Beiðni um hækkun launataxta samkvæmt nýrri launatöflu Eflingar afturvirkir frá 1. janúar 2021. Stjórn Bergrisans bs samþykkir fyrirbyggjandi beiðni NPA miðstöðvarinnar og Npa seturs um hækkun launataxta en setur fyrirvara um að þetta skapi ekki fordæmi, það getur ekki talist eðlilegt að Bergrisinn verði í framtíðinn bundinn af kjarasamningum sem sveitarfélög eiga ekki aðild að.

5. Kynning á úttekt sem unnin var af HLH ráðgjöf um rekstur sjálfstæðra þjónustuaðila

Arnar Haraldsson kynnir helstu þætti í úttekt HLH ráðgjafar. Stjórn Bergrisans bs þakkar greinargóða kynningu.

Fundi slitið kl. 15:40